

Fyrsti stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands 28.apríl 2010 að Engjavegi 6, kl. 17.00.  
Mætt voru: Sigurjón Pétursson, Kári Rafn Karlsson, Gry Ek, Guðjón Hafliðason og Auðunn Jónsson.

Þetta gerðist:

1) **Stjórnin skipti með sér verkum og ábyrgð.**

Formaður er Sigurjón Pétursson. Hann stjórnar og ber ábyrgð á starfi stjórnar og er fulltrúi Kraftlyftingasambandsins í samskiptum við ÍSÍ og önnur samtök innanlands og utan.

Varaformaður er Guðjón Hafliðason. Hann hefur umsjón með skráningar í Felix og samskipti við lyfjaeftirlit ÍSÍ. Enn fremur mun hann ásamt formanni vinna að fjölgun félaga og deilda á sviði kraftlyftinga.

Ritari er Gry Ek. Hún sér um skráningar á mót, samskipti við útlönd, heimasíðu, fundargerðir, skjalavörslu og önnur ritarastörf.

Gjaldkeri er Kári Rafn Karlsson. Hann sér um möguleika á styrkjum og umsóknir/uppgjör þar um og sér um fjárvörslu sambandsins. Stjórnin veitti honum umboð til prókúru með undirskriftum sínum. Enn fremur undirritaði stjórnin skjöl varðandi stofnun bankareikninga fyrir sambandið.

2) Tillögur um skipun í nefndir og önnur embætti, háð samþykki viðkomandi:

**Hjalti Árnason**, varamaður í stjórn verður **fjölmiðlafulltrúi**.

**Mótanefnd: Birgir Viðarsson** stjórnarmaður verður í forsvari og kallar til við nefndina einn til tvo nefndarmenn. Mótanefnd gerir tillögu að mótaskrá og úthlutun móta til félaga.

**Dómaranefnd: Helgi Hauksson** verður í forsvari og kallar til við nefndina einn til tvo nefndarmenn.

**Útbreiðslunefnd: formaður og varaformaður.** Nefndin vinnur að innri styrkingu félaga og stuðning við þá sem vilja stofna ný félög.

**Fræðslunefnd: María Guðsteinsdóttir** verður í forsvari og kallar til við nefndina einntil tvo nefndarmenn.

**Keppnisreglunefnd** skipa sömu menn og dómaranefnd, enda skarast verkefni þessara nefnda.

**Landsliðsnefnd: Gry Ek** er í forsvari og kallar til við nefndina 1-2 nefndarmenn.

Ákveðið var að bíða með skipun heiðursmerkjanefndar, læknanefndar og aganefndar.

3. **Ný kennitala.** Formaður upplýsti sótt hefur verið um til Fyrirtækjaskrár um kennitölu fyrir sambandið. Svares er að vænta frá Fyrirtækjaskrá eftir hádegi á morgun fimmtudag.

#### 4. Heimasíða.

Lénið kraft.is verður skráð á nýja kennitölu Kraftlyftingasambands Íslands. Gry verður tengiliður réttihafa og tæknilegur tengiliður. Greiðandi verður Kraftlyftingasamband Íslands. Þetta staðfesti formaður með undirskrift sinni á umsókn frá ISNIC. Gry gengur frá þessu við insic þegar ný kennitala KRAFT liggur fyrir.

Útlit á síðu. Ákveðið var að ganga til samstarfs við Klaus Jensen sem hefur boðið fram aðstoð sína án endurgjalds við að hanna nýja heimasíðu í Wordpress. Hann býðst einnig til að hýsa síðuna í tvö ár endurgjaldslaust gegn því að mega birta auglýsingu fyrir sitt fyrirtæki á síðunni. Stjórnin samþykkti hið höfðinglega tilboð Klaus. **Gry** vinnur með Klaus og kynnir nýja útlitið fyrir stjórnina um leið og það liggur fyrir.

#### 5. Önnur mál.

Starfsemi Kraftlyftingadeildar Selfoss virðist vera í lögð eftir þeim upplýsingum sem fyrir liggja. Áhugasamir aðilar á Selfossi vilja hleypa meira lífi í starfsemi deildarinnar og kjósa nýja stjórn. Ákveðið var að **formaður og varaformaður** muni fara austur og aðstoða við það. Stefnt að fundi 26.maí.

”Kjötmet”. Stjórnin ákvað að skoða á næsta fundi hvort og þá hvernig KRAFT ætti að taka upp skráningu Íslandsmeta án útbúnaðar.

Samþykkt að auglýsa strax eftir mótum á mótaskrá 2011. Skilafrestur 1.september. **Gry** auglýsir á kraft.is

Upplýst var að búið er að greiða þátttökugjald og doping-fee fyrir landsliðið á HM í bekkpressu og EM í kraftlyftingum. Búið er að greiða aðildargjald í NPF.

Næsti fundur var ákveðinn 27.mai kl. 17.00

Fundi slitið kl. 18.30

Ritari fundargerðar: Gry Ek